



Velferðarráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 18. október 2022
Málsnúmer 2209681

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Samfylkingar varðandi móttöku flóttamanna sem lögð var fram á fundi velferðarráðs 26. september 2022

Á fundi velferðarráðs Kópavogs þann 26. september sl. lagði Erlendur Geirdal, áheyrnarfulltrúi Samfylkingarinnar fram fyrirspurn varðandi móttöku flóttamanna:

"Hve mörgum flóttamönnum hefur Kópavogsbær tekið á móti síðasta áratuginn og hve margir þeirra eru frá Úkraínu?

Hve margir þeirra hafa voru umsækjendur um alþjóðlega vernd?

Hvað eru margar fjölskyldur á flótta sem Kópavogur hefur tekið á móti og hve mörg börn alls, brotið niður eftir skólastigi?

Eru í Kópavogi börn á flótta sem ekki eru skráð í skóla? Ef svo er, hversu mörg eru börnin og af hverju eru þau ekki skráð í skóla?

Hvað gerir Kópavogsbær til að styðja við flóttamenn?

Hvar stendur samningagerð við ríkið um móttöku einstaklinga frá Úkraínu í skjól í Kópavogi og hvenær er áætlað að þeim samningum verði lokið?

Stendur til að Kópavogsbær geri þjónustusamning um samræmda móttöku annarra flóttamanna en frá Úkraínu. Ef ekki, af hverju?"

Á fundinum var eftirfarandi bókað:

„Velferðarráð felur starfsmönnum velferðarsviðs að svara fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Samfylkingar.“

Verkefnastjóri hefur tekið saman svör við fyrirspurninni í samstarfi við sviðsstjóra velferðarsviðs, deildarstjóra ráðgjafar- og íbúðadeildar velferðarsviðs og starfsmenn leik- og grunnskóladeilda menntasviðs.

1.Hve mörgum flóttamönnum hefur Kópavogsbær tekið á móti síðasta áratuginn og hve margir þeirra eru frá Úkraínu?

Fyrsta skráning flóttamanna í hugbúnaðarkerfið Navision á velferðarsviði er frá 2019. Navision er bókhaldskerfi sem heldur utan um þá sem fá afgreidda fjárhagsaðstoð. Hér í töflu 1 er yfirlit yfir fjölda flóttamanna í þjónustu frá 2019 til dagsins í dag:

Tafla 1.

Þjóðerni	2019	2020	2021	2022
Afganistan	6	10	10	8
Egyptaland		2	2	1
Finnst ekki*	1	2	7	13
Gana	1	1	1	1
Írak	7	9	4	3
Íran	4	10	4	3
Kína		1	1	
Nígería			1	2
Pakistan	2	3	1	
Rússland		1		1
Sómalía	2	4	1	1
Srí Lanka		1		
Suður Afríka			1	
Sýrland	7	7	7	6
Úkraína				40
Venesúela	5	15	10	13
Samtals	35	66	50	92
* Skráning hjá Þjóðskrá				

Þá má nefna að til viðbótar eru alls 9 mál flóttafólks sem bíða afgreiðslu og eru á Vaktinni sem tekur á móti nýjum erindum í ráðgjafar- og íbúðadeild. Þetta er flóttafolk frá Úkraínu, Venesúela og Írak. Alls þrjú börn sem tilheyra þessum 9, tvö á skólaaldri og eitt árgamalt. Leiða má líkum að flóttafólkið muni bætast í þjónustu í fjárhagsaðstoð þ.a. fjöldi flóttafólks er þá orðinn 101.

Þá er nokkrir einstaklingar eða aðstandendur sem fengið hafa félagsleg ráðgjöf í gegnum Vakt en ekki þurft eða fengið fjárhagsaðstoð þar sem skilyrði í reglum voru ekki uppfyllt.

Á árinu 2015 gekk Kópavogsbær til samninga við þáverandi velferðarráðuneyti um móttöku, aðstoð og stuðning til tveggja ára við kvótaflóttafólk. Á árinu 2016 tók Kópavogsbær á móti þremur fjölskyldum frá Sýrlandi á grundvelli samningsins. Ráðinn var inn verkefnastjóri tímabundið til að stýra móttökunni.

2. Hve margir þeirra hafa voru umsækjendur um alþjóðlega vernd?

Því miður er ekki gerður greinarmunur í hugbúnaðarkerfi hvort dvalarleyfi er veitt á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða af mannúðarástæðum. Flóttafolk frá Úkraínu á það sammerkt að vera með dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.



Mannúðarleyfi heimila ekki atvinnupátttöku nema þá og því aðeins að vinnuveitandi sækir um og fái samþykkt atvinnuleyfi fyrir viðkomandi hjá Vinnumálastofnun. Mikill meirihluti flóttafólks frá öðrum þjóðlöndum eru með alþjóðlega vernd, en nokkrir eru með mannúðarleyfi frá öðrum löndum en Úkraínu og einnig nokkrir með leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þá er bent á að 67 ára og eldri með mannúðarleyfi eiga ekki rétt á ellilífeyri frá Tryggingastofnun. Einstaklingar með mannúðarleyfi eru sjúkratryggðir.

3. Hvað eru margar fjölskyldur á flótta sem Kópavogur hefur tekið á móti og hve mörg börn alls, brotið niður eftir skólastigi?

Í töflu 2 má sjá skiptingu eftir hjúskaparstöðu skv. Þjóðskrá sbr. fjöldi í töflu undir lið 1. Í sumum tilvikum er annað hjóna hér á landi en hitt í heimalandi, nokkur slík mál frá Úkraínu þar sem eiginmaður er að gegna herskyldu eða maki að annast um fjölskyldumeðlim í heimalandi.

Tafla 2.

Hjúskaparstaða	2019	2020	2021	2022
Einstæðir	16	36	32	59
Hjón/samb.fólk	19	30	18	33

Ekki er hægt að gefa upp nákvæman fjölda barna þar sem hugbúnaðarkerfið er með takmarkanir í þeim efnum. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða er börn tvískráð, þ.e. á hvort hjóna. Það er ekki rétt að helminga fjölda barna hjóna/samb.fólks því í sumum málum er foreldri skráð í hjúskap en maki er ekki hér á landi. Í öðru lagi þá tekur kerfið mið af stöðunni þegar gögnin eru sótt (okt. 2022), þ.a. barn sem var 16 ára 2019, er orðið 18 ára í dag 2022 þegar upplýsingar eru sóttar og einnig í þeim tilvikum að ef barn fæðist eftir að þjónustu er lokið skráist það samt á foreldri/foreldra sem voru barnlaus eða voru á þjónustutíma með einu barni færra í fjölskyldu. Talning á börnum flóttafólks úr kerfinu gefur upp 133 börn frá 2019 en þau eru trúlega mun færri frekar en fleiri þegar þjónusta var veitt.

Þegar leitað var til menntasviðs eftir upplýsingum um fjölda barna á mismunandi skólastigum kom fram að aðeins liggja fyrir upplýsingar um fjölda barna frá 1. janúar 2021. Í dag eru sex börn eru með stöðu flóttafólks í leikskólum bæjarins, sjá töflu 3 og tuttugu og tvö börn með stöðu flóttafólks í grunnskólum bæjarins, sjá töflu 4. Eitt barn frá Venesúela er á biðlista eftir leikskólaplássi.

Tafla 3.

Fjöldi	Þjóðerni	Aldur	Skóli
1	Úkraína	4	Marbakki
2	Úkraína	4	Fífusalir
2	Úkraína	5	Urðarhóll/Skólatröð
1	Palestína/Írak	4	Fagrabrekka



Tafla 4.

Fjöldi	Þjóðerni	Aldur	Bekkur	Skóli	Column1
1	Sýrland	7	2. bekkur	Snælandsskóli	
1	Úkraína	7	2. bekkur	Snælandsskóli	
1	Palestína	8	3. bekkur	Kópavogsskóli	
1	Írak	8	3. bekkur	Hörðuvallaskóli	
1	Úkraína	8	3. bekkur	Hörðuvallaskóli	
1	Úkraína	9	4. bekkur	Álfhólsskóli	
1	Palestína	10	5. bekkur	Álfhólsskóli	
1	Afganistan	10	5. bekkur	Álfhólsskóli	
1	Palestína	10	5. bekkur	Kópavogsskóli	
1	Úkraína	10	5. bekkur	Kópavogsskóli	
1	Úkraína	10	5. bekkur	Álfhólsskóli	
1	Úkraína	11	6. bekkur	Snælandsskóli	
1	Úkraína	11	6. bekkur	Vatnsendaskóli	
1	Palestína	12	7. bekkur	Álfhólsskóli	
1	Palestína	12	7. bekkur	Kópavogsskóli	
1	Palestína	13	8. bekkur	Álfhólsskóli	
1	Úkraína	13	8. bekkur	Kársnesskóli	
1	Úkraína	13	9. bekkur	Kársnesskóli	
1	Úkraína	14	9. bekkur	Snælandsskóli	
1	Úkraína	14	9. bekkur	Snælandsskóli	
1	Venesúela	15	10. bekkur	Kársnesskóli	
1	Írak	15	10. bekkur	Hörðuvallaskóli	

22

4. Erú í Kópavogi börn á flóttu sem ekki eru skráð í skóla? Ef svo er, hversu mörg eru börnin og af hverju eru þau ekki skráð í skóla?

Hvorki velferðar- né menntasvið vita til þess að börn á flóttu í Kópavogi séu ekki skráð í skóla.

5. Hvað gerir Kópavogsbær til að styðja við flóttamenn?

Móttökuhandbók er til fyrir bæði leik- og grunnskóla sem unnið er eftir við móttöku allra barna sem flytjast í Kópavog. Stutt er við nemendur af erlendum uppruna með ákveðnu fjármagni svo hvert og eitt barn fær stuðning.

Hafa ber í huga að flóttafólk er ekki einsleitur hópur heldur einstaklingar með ólíkan bakgrunn og í mismunandi stöðu. Menningarmunur, menntun, starfsreynsla, heilsa, færni og geta eru allt þættir sem hafa áhrif á vinnslu máls í móttöku flóttamanna hjá ráðgjafa og íbúðadeild.



Ráðgjafar- og íbúðadeild veitir flóttafólki félagslega ráðgjöf, fræðslu, leiðsögn og stuðning til sjálfshjálpar í íslensku samfélagi. Um er að ræða umfangsmikla upplýsingagjöf um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur íbúa. Fylgt er móttökuáætlun í móttökunni varðandi upplýsingagjöf og söfnun upplýsinga. Mæta þarf hverjum og einum þar sem hann er staddur og setja upp áætlanir í málavinnslu í samræmi við stöðu. Viðhöfð eru viðtöl hjá ráðgjafa, einnig samskipti með tölvupóstum og í síma. Langflestir þurfa tulkapjónustu á sínu móðurmáli. Markmið er að veita stuðning til sjálfshjálpar og valdeflingar með þátttöku í samfélaginu með ýmsum úrræðum sem miða að því að bæta fjárhagslega stöðu til lengri tíma liðið.

Fjárhagsaðstoð til flóttafólks tekur mið reglum Kópavogsbæjar um fjárhagsaðstoð með vísan í leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks sem gefnar voru út af velferðarráðuneyti í maí 2014. Veitt er fjárhagsaðstoð til framfærslu ef skattskyldar tekjur og eignir eru undir framfærsluviðmiðum sbr. reglur Kópavogsbæjar um fjárhagsaðstoð. Veittir eru húsbúnaðarstyrkir til kaupa á nauðsynlegum húsgögnum að hámarki kr. 100.000,- og nauðsynlegum heimilistækjum að hámarki kr. 100.000,-. Möguleiki er á námsstyrk í grunn- eða framhaldsskóla að uppfylltum skilyrðum. Veitt er aðstoð til greiðslu tannlækninga og einnig sérfræðiaðstoð hjá félagsráðgjafa, geðlækni eða sálfræðingi. Styrkir eru veittir til íslenskunáms allt að kr. 150.000,-. Barnafjölskyldur fá greiddar kr. 15.000,- með hverju barni og styrk sem samsvarar barnabótagreiðslum Ríkisskattstjóra fyrsta árið í búsetu, á öðru ári tekur ríkið við. Ef um einstætt foreldri er að ræða eru meðlagsgreiðslur veittar í formi láns á meðan beðið er úrskurðar Sýslumanns. Til viðbótar getur komið til aðstoðar skv. reglum bæjarins og má þar nefna lán til greiðslu leigutryggingar, lán eða styrki vegna sérstakra erfiðleika, áfallaaðstoð, útfararstyrki, sérstaka aðstoð vegna endurhæfingar og desemberstyrki.

6. Hvar stendur samningagerð við ríkið um móttöku einstaklinga frá Úkraínu í skjól í Kópavogi og hvenær er áætlað að þeim samningum verði lokið?

Bæjarráð Kópavogs samþykkti í vor að fela sviðsstjóra velferðarsviðs að ræða við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um jákvæða afstöðu sveitarfélagsins til þess að ganga frá samningi um móttöku flóttafólks frá Úkraínu í skjól. Ráðuneytið kallaði eftir liðsinni sveitarfélaga þegar stríðið skall á og voru undirtektar jákvæðar og miklar. Haldnir hafa verið fundir með ráðuneytinu vegna þessa en ekki hefur verið gengið formlega frá samningum þess efnis þar sem ekkert hentugt húsnæði hefur staðið til boða. Þegar kemur að tilboði til flóttafólks um móttöku í Skjól þá er það ríkisins að finna heppilegt húsnæði. Af því hefur ekki orðið.

7. Stendur til að Kópavogsbær geri þjónustusamning um samræmda móttöku annarra flóttamanna en frá Úkraínu. Ef ekki, af hverju?

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Kópavogsbær geri samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks.

Virðingarfyllt,

Katrín María Lehmann
Verkefnastjóri velferðarsviðs